

**Nd.**

**254. Nefndarálit**

**[12. mál]**

um frv. til l. um iðnfræðslu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á mörgum fundum, rætt við höfunda þess og leitað umsagnar þeirra aðila, sem ekki höfðu áður látið í ljós álit á frv. Er nefndin sammála um að mæla með samþykkt frv. með nokkrum breytingum, sem till. er gerð um á sérstöku þingskjali.

Meginbreytingin er sú, að fallið er frá stofnun embættis og skrifstofu iðnfræðslustjóra, en iðnfræðsluráð og menntamálaráðuneytið sjálft annist yfirstjórn iðnfræðslu og iðnfræðsluskóla. Þá er gerð tillaga um fjölgun í iðnfræðsluráði úr 7 í 9, og er bætt við fulltrúum frá Iðnnemasambandi Íslands og iðnverkafólki.

Frv. gerir ráð fyrir 8 iðnskólum þar sem koma eigi upp verknámsskólum. N. leggur til, að þessir skólar verði 10, og fer þar eftir núverandi aðstæðum. Þá er lagt til, að bætt verði í 13. gr. ákvæði, er feli menntamálaráðherra að tryggja sérhæfingu verknámsskólanna.

Smávægileg brtt. er við 20. gr. Er það skilningur n., að iðnskólar skuli vera opnir nemendum, sem þá vilja sækja, enda þótt þeir stundi ekki iðnnám eftir samningi við meistara.

Alþingi, 22. febr. 1966.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Sigurvin Einarsson.
Björn Fr. Björnsson.	Einar Olgeirsson. Guðl. Gíslason.	Gunnar Gíslason.